

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/888*  
*komudagur 11.1.2012*

11.1.2012

Alþingi, nefndasvið

Vísað er til umsagnarbeiðni, dags. 13. desember 2011, vegna frumvarps til laga um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun (gjaldtaka), 362. mál.

Jafnframt er vísað til fundar í umhverfis- og samgöngunefnd, sem fram fór þann 13. desember sl. Á fundinn mætti m.a. fulltrúi Skipta og dótturfélaganna Símans og Mílu („félögin“) og reifaði afstöðu félaganna til frumvarpsins. Jafnframt var dreift á fundinum tveimur skjölum, sem einnig eru hengd við þennan tölvupóst, þ.e. minnisblað um viðurlagaákvæði frumvarpsins, sem og bréf Skipta og dótturfélaga til innanríkisráðuneytis, dags. 8. nóvember 2011, um rekstargjald fjarskiptafyrirtækja. Um afstöðu félaganna til viðurlagaákvæða og rekstrargjaldsins vísast alfarið til fyrrgreindra skjala.

Félögin vilja með tölvupósti þessum að öðru leyti ítreka andstöðu sína við að fjarskiptafélögum sé einum ætlað að fjármagna rekstur sk. CERT-IS hóps, sem og andstöðu við viðurlagaákvæði fyrirbyggjandi frumvarps.

f.h. Skipta hf. og dótturfélaga

Með kveðju/Best regards,  
**Páll Ásgrímsson, hdl., LL.M**  
[pall@juris.is](mailto:pall@juris.is)

**juris**

## MINNISBLAÐ

Efni: Viðurlagaákvæði frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstrargjald o.fl.). (Þingskjal 438 — 362. mál.)

### 1. Inngangur

Í minnisblaði þessu verða gerðar athugasemdir við viðurlagaákvæði ofangreinds lagafrumvarps, sem nú er til umfjöllunar í umhverfis og samgöngunefnd. Einkum verður gerður samanburður við norræna löggjöf á sviði fjarskipta.

Fyrst verður fjallað um 11. gr. frumvarpsins, um stjórnvaldssektir og að því loknu verður fjallað um 10. gr. þess, um fangelsisrefsingu og sektir.

### 2. Athugasemdir við viðurlagaákvæðin

#### A. Um heimild til álagningu stjórnvaldssekta, sbr. 11. gr. frumvarps

Í almennum athugasemdum frumvarpsins kemur fram að ákveðið hafi verið að fresta innleiðingu tveggja tilskipana, þ.e. 2009/136/EB (sk. alþjónustutilskipun) og 2009/140/EB (sk. rammatilskipun), þar sem ekki liggja fyrir hvenær þær verði leiddar í EES samninginn. Í frumvarpi því sem innanríkisráðuneyti setti í almennt umsagnarferli nú á haustdögum var lögfesting á heimild PFS til að leggja á stjórnvaldssektir rökstudd með vísan til þess að í grein 21 a í rammatilskipun sé lögð áhersla á að skilvirkt sektarkerfi sé til staðar til að stemma stigu við brotum á fjarskiptalöggjöfinni. Innleiðingu þeirrar tilskipunar hefur verið frestað, sbr. að framan. Þegar af þeirri ástæðu er engin þörf á innleiðingu heimildar til álagningar stjórnvaldssekta.

Auk þess kallar nýja rammatilskipunin alls ekki á að slíkar heimildir verði leiddar í lög. Þannig hafa slík ákvæði ekki verið leidd í dönsk lög sem innleiða nýju rammatilskipunina og þau er heldur ekki að finna í norskum frumvörpum sem innleiða eiga nýja fjarskiptaregluverkið.

Staðreyndin er reyndar sú að *hvergi á Norðurlöndum* er að finna heimildir til handa systurstofnunum PFS til að leggja á stjórnvaldssektir, eins og ranglega er haldið fram í athugasemdum frumvarps við 11. gr. en þar m.a. að: „*Flestar systurstofnanir Póst- og fjarskiptastofnunar í Evrópu hafa yfir að ráða sambærilegum heimildum til þess að leggja viðurlög á fyrirtæki á markaði.*“ Þetta er einfaldlega ekki rétt.

Skal nú stuttlega vikið að löggjöf norræna nágrannaríkja, sem við berum okkur oftast saman við þegar kemur að lagasetningu og lagahefð. Hlutaðeigandi lagaákvæði er síðan að finna í viðaukum I-IV:

### 1. Danmörk:

Dönsku lögín eru frá mars 2011 og þau innleiða allt nýja ESB fjarskiptaregluverkið. Í dönskum lögum er að finna *heimild til handa PFS til að leggja á dagsektir*. Samsvarandi heimild er að finna í gildandi rétti á Íslandi. PFS í Danmörku hefur engar frekari heimildir til að leggja á sektir, þ.m.t. stjórnvaldssektir.

Hins vegar er unnt að gera einstaklingum og lögaðilum þá *refsingu* að sæta *sektum* fyrir fá og afmörkuð brot á fjarskiptalöggjöfínni. Það er almennra dómstóla að leggja á slíkar sektir á grundvelli ákvæða í almennum hegningarlögum. *Engin fangelsisrefsing* liggur við brotum að dönsku fjarskiptalöggjöfínni, nema væntanlega sem vararefsing ef sektir eru ekki greiddar.

### 2. Svíþjóð

Í sænsku lögunum er mælt fyrir um fésekt eða fangelsi allt að sex mánuðum vegna tiltekinna og afmarkaðra brota á fjarskiptalöggjöfínni og er vísað til almennra hegningarlaga í því sambandi. Sérstaklega er tekið fram að ef sektir hafi verið lagðar á aðila á grundvelli samkeppnislaga skuli ekki sekta á grundvelli fjarskiptalaga fyrir sama lögbrot.

Almennir dómstólar ákvarða augljóslega viðurlög á grundvelli þessara ákvæða. PFS hefur einungis heimild til að leggja á dagsektir, að því er virðist.

### 3. Noregur

Viðurlög skv. norsku lögunum er fangelsi allt að sex mánuðum eða fésektir. Almennir dómstólar ákvarða augljóslega viðurlög á grundvelli þessara ákvæða. PFS hefur því engar heimildir til álagningu stjórnvaldssekta og grundvelli gildandi norskra laga. Sama gildir ef litið er til frumvarpsins sem nú er í opinberu umsagnarferli í Noregi og ætlað er að innleiða nýja evrópska regluverkið. Þar er heldur ekki að finna áform um að tekin séu upp í fjarskiptalöggjöfina ákvæði um stjórnvaldssektir, sem eiga sér í raun fyrirmynd í innlendri samkeppnislöggjöf fremur en evrópskri fjarskiptalöggjöf.

### 4. Færeyjar

Í færeysku lögunum segir einfaldlega að refsa megi fyrir brot á fjarskiptalögum með fésekt eða fangelsi. Almennir dómstólar ákvarða augljóslega viðurlög á grundvelli þessara ákvæða.

## B. Um fangelsisrefsingu og sektir, sbr. 10. gr. frumvarps

Sama almenna athugasemd gildir um 10. gr. frumvarpsins. Ekkert í EES tilskipunum kallar á breytingar á gildandi íslenskum lögum. Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum geta brot á þeim varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Nú þegar er refsiramma fyrir brot á fjarskiptalöggjöfnni því rýmri og meira íþyngjandi en almennt þekkist á hinum Norðurlöndunum, en þar er algengt að brot varði sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Í 10. gr. frumvarpsins er að finna upptalningu í 23. töluliðum á ákvæðum fjarskiptalaga, sem allt að tveggja ára fangelsisvist liggur við að brjóta. Svo umfangsmikil upptalning á atvikum sem gerð eru refsinnæm á sér enga fyrirmynd, hvort heldur horft er til nágrannaþjóða eða annarra ákvæða í íslenskum lögum.

Ef litið er til samkeppnislaga nr. 44/2005 má til samanburðar sjá að þar eru tvö tilvik gerð refsinnæm, þ.e. annars vegar verðsamráð milli fyrirtækja á sama sölustigi og hins vegar undanskot gagna. Misbeiting á markaðsyfirráðum er til að mynda ekki refsinnæm háttsemi, enda liggja matskenndar stjórnvaldsákvarðanir þar oftast að baki.

Sé hins vegar litið til hinna 23. tl. í 10. gr. frumvarpsins er þar *algerlega farið offari* og í ýmsum tilvikum talin upp lagaákvæði sem *fjarstæðukennt* er að brot gegn varði tveggja ára fangelsisvist. Sem dæmi má nefna að tveggja ára fangelsisvist mun liggja við því ef upplýsingagjöf, t.d. frá starfsmanni í þjónustuveri um kostnað fjarskiptaþjónustu er ekki hárnákvæm, sbr. 37. gr., ef áskrifendum fjarskiptaþjónustu berist ekki reikningar í samræmi við 38. gr., ef gæði IP þjónustu samræmist ekki reglum útgefnum af PFS, sbr. 41.gr., ef númerabirting er ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga, sbr. 51. gr., ef starfsmenn hafa ekki fengið „nauðsynlega þjálfun“, sbr. 67. gr. og svona mætti lengi telja.

Eins og dæmin hér að ofan sýna stendur m.a. til að gera refsinnæm mjög matskennd og í sumum tilvikum léttvæg atvik. Verður ekki séð að nokkur samfélagsleg nauðsyn kalli á þetta. Engin almenn eða sérstök varnaðaráhrif réttlæta þessa refsikleði. Auk þess er hér um algert stílbrot í löggjöf að ræða.

Í skýringum frumvarpsins segir að með breytingum á 74. gr. fjarskiptalaga sé „skerpt“ á ákvæðinu og þetta sagt vera í samræmi við kröfur dómstóla um *skýrleika refsheimilda*. Hér er um *alvarlega rangfærslu að ræða*. Fjöl margar tilvísananna í hinum 23. tl. 10. gr. frumvarpsins, vísa til svo almennra og matskenndra atvika að það er einboðið að ákvæðið uppfyllir alls ekki kröfur dómstóla til skýrleika refsheimilda. Hvernig í ósköpunum á að vera unnt að refsa fyrir að gæði IP þjónustu verði ekki fullægjandi, svo dæmi sé tekið, en sú þjónusta er í eðli sínu mjög ófullkomin vegna tæknilegra annmarka hennar.

Liggur fyrir að Hæstiréttur hefur lýst refsíákvæði stjórnskipulega ómerk á þeim grundvelli að þau uppfylla ekki þær kröfur sem gera verður til skýrleika refsheimilda. Sú afstaða kemur skýrt fram í Hrd. 1997, bls. 1253 um meðferð skotelda og Hrd. 18. janúar 2007 (458/2006) um röskun náttúrunnar. Verður að telja sérstaklega ámælisvert að svo óboðlegur frumvarpstexti komi frá innanríkisráðuneyti, sem m.a. fer með dómsmál.

Eins og fram kemur í viðaukum hér að neðan styðst 10. gr. frumvarpsins auk alls ofangreinds við *engra fyrirmynd í norrænni löggjöf*.

### 3. Lokaorð

Samkvæmt öllu ofansögðu eru þær breytingar sem lagðar eru til í 10. og 11. gr. frumvarpsins með öllu óþarfar og auk þess beinlínis skaðlegar vegna óskýrleika. Þá eru alvarlegar rangfærslur í athugasemdum frumvarpsins. Af þessum sökum er mikilvægt að 10. og 11. gr. frumvarpsins nái ekki fram að ganga.

## VIÐAUKI I.

Viðurlagaákvæði danskra laga nr. 169/2011 frá 3. mars 2011

### Afsnit XI

Sanktions- og straffebestemmelser

### Kapitel 33

#### *Tvangsbøder*

§ 79. Undlader de i § 73, stk. 1, nr. 1-7, 9 og 10, forpligtede at afgive oplysninger, som IT- og Telestyrelsen eller Teleklagenævnet kan kræve efter denne lov, eller at efterkomme afgørelser fra de pågældende myndigheder truffet i henhold til denne lov eller regler fastsat i medfør heraf, kan de pågældende myndigheder pålægge den part, som oplysningspligten eller afgørelsen retter sig imod, tvangsbøder med henblik på at gennemtvinge efterkommelse heraf.

*Stk. 2.* Undlader en udbyder, der i henhold til § 15, stk. 2, er udpeget som forsyningspligtudbyder, at efterkomme en afgørelse truffet af IT- og Telestyrelsen i henhold til denne lov eller regler fastsat i medfør heraf, eller undlader en forsyningspligtudbyder at betale tvangsbøder pålagt i medfør af stk. 1, kan IT- og Telestyrelsen tilbagekalde udpegningen som forsyningspligtudbyder.

*Stk. 3.* Undlader en udbyder, der i henhold til § 15, stk. 2, er udpeget som forsyningspligtudbyder, at efterkomme en afgørelse truffet af Teleklagenævnet i henhold til denne lov eller regler fastsat i medfør heraf, eller undlader en forsyningspligtudbyder at betale tvangsbøder pålagt af Teleklagenævnet i henhold til stk. 1, kan Teleklagenævnet pålægge IT- og Telestyrelsen at tilbagekalde udpegningen som forsyningspligtudbyder.

### Kapitel 34

#### *Anvendelse af forordninger*

§ 80. Ministeren for videnskab, teknologi og udvikling kan fastsætte regler, der måtte være nødvendige for at anvende forordninger udstedt af De Europæiske Fællesskaber på telelovgivningens område, herunder regler om sanktioner i form af bøder eller tvangsbøder ved manglende overholdelse af forordninger.

### Kapitel 35

## *Straf*

### § 81. Med bøde straffes

- 1) den, der overtræder § 7, stk. 1, § 10, stk. 3 og 4, § 13, § 31, stk. 4-7, § 35 eller § 63, stk. 2, 3 og 5,
- 2) den udbyder, der ikke efterlever en forpligtelse som anført i § 41, stk. 2, nr. 2 og 3, som er pålagt udbyderen i medfør af en afgørelse truffet efter § 41, stk. 1,
- 3) den, der forsætligt eller groft uagtsomt overtræder § 65, eller
- 4) den forsyningspligtudbyder, der under særlige omstændigheder ikke overholder regler, vilkår og forpligtelser, som er nævnt i § 16 og § 17, stk. 4, eller maksimalpriser fastsat i medfør af § 17, stk. 1 og 2,

*Stk. 2.* 1 regler fastsat i medfør af § 3, § 8, stk. 1, og §§ 9, 61 og 62 kan der fastsættes straf af bøde for overtrædelse af bestemmelserne i forskrifterne.

*Stk. 3.* I regler fastsat i medfør af §§ 14 og 15 kan der fastsættes straf af bøde for den forsyningspligtudbyder, der i gentagne eller grovere tilfælde overtræder regler, vilkår og forpligtelser i forskriften.

*Stk. 4.* Der kan pålægges selskaber m.v. (juridiske personer) strafansvar efter reglerne i straffelovens 5. kapitel.

*Stk. 5.* Ved udmåling af straf efter stk. 1, nr. 2, skal der ved fastsættelse af bødens størrelse ud over de almindelige regler i straffelovens kapitel 10 tages hensyn til den juridiske persons omsætning det seneste år forud for domsafsigelsen eller udstedelsen af et bødeforlæg.

## VIÐAUKI II.

Viðurlagaákvæði sænskra laga nr. 389/2003 frá 6. desember 2003

### **Straff m.m.**

**14 §** Till böter eller fängelse i högst sex månader döms den som med uppsåt eller av oaktsamhet

1. använder radiosändare utan tillstånd där sådant tillstånd krävs enligt denna lag eller använder radiosändare i strid med ett tillståndsvillkor, eller
2. bryter mot en föreskrift som har meddelats med stöd av 3 kap. 14 § andra stycket.

**15 §** Den som med uppsåt eller av oaktsamhet bryter mot den tystnadsplikt som föreskrivs i 6 kap. 23 § döms till böter. I ringa fall skall inte dömas till ansvar.

Den som med uppsåt eller av oaktsamhet bryter mot förbud enligt 6 kap. 17 eller 18 § döms till böter, om ansvar för brottet inte är stadgat i brottsbalken. I ringa fall skall inte dömas till ansvar.

Bestämmelser om ansvar för den som bryter mot den tystnadsplikt som föreskrivs i 4 kap. 2 § eller 6 kap. 20 eller 21 § finns i brottsbalken.

**16 §** Radiosändare eller elektriska eller elektroniska anläggningar som har varit föremål för brott enligt 14 § kan förklaras förverkade. Bestämmelserna i 36 kap. brottsbalken skall därvid tillämpas.

**17 §** Har någon ålagts att betala konkurrensskadeavgift enligt 3 kap. 5 § konkurrenslagen (2008:579) eller dömts att betala vite enligt 6 kap. 2 § samma lag, får vite enligt denna lag inte dömas ut för samma förfarande. *Lag (2008:600).*

### VIÐAUKI III

Viðurlagaákvæði norskra laga nr. 83/2003, frá 4. júlí 2003 (ensk þýðing á heimasíðu norsku PFS).

#### Section 12-4. Penalties

Anyone who wilfully or negligently

1 violates Sections 2-5, second paragraph, cf. sixth paragraph, or fifth paragraph, 2-6, first or second paragraph, 2-7 to 2-9, 2-13, 4-7, third paragraph, 4-8, sixth paragraph, 6-2, 7-1 or 8-1.

2 violates regulations laid down in pursuance of Sections 2-3, 2-7 to 2-9, 2-10, second paragraph, 2-13, 6-2, 7-1 or 8-1.

3 violates an individual decision issued in pursuance of Sections 2-3, 2-5 first paragraph, 2-10, second paragraph, 3-4, 4-1, 4-2, second paragraph, 4-4 first to third paragraphs, 4-5, first paragraph, 4-6, first, second or fourth paragraph, 4-7, first or second paragraph, 4-8, first, or third to fifth paragraph, 4-9, first to third paragraph, 4-10, 6-2, 7-1, 7-2, 8-1 or 10-6 or

4 provides incorrect or incomplete information to the Authority, cf. Section 10-3.

shall be liable to fines or imprisonment not exceeding six months.

If the intent of violating Section 2-9 is to obtain an unjustified gain for oneself or another, or if the perpetrator with this intention otherwise exploits information that is covered by the duty of confidentiality, imprisonment not exceeding three years may be imposed.

Complicity is subject to the same penalties.



#### VIÐAUKI IV

Viðurlagaákvæði færeyskra laga nr. 79/1997 frá 23. maí 1997 (ensk þýðing á heimasíðu færeysku PFS).

#### Penal Sanctions

§ 22. Violation of this Act or regulations promulgated under authority of this Act shall be punishable by fine or imprisonment.

Innanríkisráðuneytið

Sölvhólsögötu 7

150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2011

Efni: Rekstrargjald fjarskiptafyrirtækja

Skipti hf., sem m.a. eiga og reka Símann hf. og Mílu ehf., hafa falið undirrituðum lögmanni að rita þetta bréf í tilefni af áformum um hækkun á rekstrargjaldi fjarskiptafyrirtækja. Í bréfi Skipta hf. og dótturfélaga til innanríkisráðuneytis, dags. 5. október 2011, var fjallað um þessar fyrirhuguðu breytingar, sbr. kafli 2 C í bréfinu.

Ástæðu hækkunar á tekjustofni Póst- og fjarskiptastofnunar er varðar fjarskiptafyrirtæki má að sögn frumvarpshöfunda fyrst og fremst rekja til aukins umfangs starfsemi innan stofnunarinnar samkvæmt tilmælum innanríkisráðherra um stofnun öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála. Er nánar kveðið á um stofnun öryggis- og viðbragðsteymisins í frumvarpi til breytinga á fjarskiptalögum nr. 81/2003 og hefur öryggis- og viðbragðshópurinn hlotið heitið CERT-ÍS í samræmi við alþjóðavenju.

Svo sem fram kom í fyrra bréfi varða netöryggismál almannahagsmuni sem hafa snertifleti við öll svið atvinnu- og þjóðlífs. Fer því fjarri að rök standi til að málaflokkurinn sé fjármagnaður eingöngu af fjarskiptafyrirtækjum.

Vegna hins skamma tíma sem gefinn var til að veita umsögn um fyrirbyggjandi frumvörp á sviði fjarskipta reyndist hins vegar ekki unnt að tæma umfjöllunina um rekstrargjaldið í því bréfi.

Nánar tiltekið telja Skipti að til viðbótar við þau rök og sjónarmið sem sett voru fram í tilvitnuðu bréfi félagsins sé nauðsynlegt að fjalla um hvort fyrirkomulag gjaldtöku í formi rekstargjalds á fjarskiptafyrirtæki samræmist ákvæðum 12. gr. tilskipunar 2002/20/EC (svkölluð „heimildartilskipun“ eða e. „Authorisation Directive“). Umrædd tilskipun hefur innleidd í EES samninginn sbr. viðauki XI, liður 5ck.

Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar segir orðrétt í tilvitnaðri 12. gr.:

*„Umsýslugjöld*

*1. Öll umsýslugjöld, sem lögð eru á fyrirtæki sem bjóða fram þjónustu eða net samkvæmt almennu heimildinni eða á hvern þann sem fengið hefur afnotarétt, skulu:*

*a) samanlagt einungis taka til umsýslukostnaðar, sem hlýst af stjórnun, eftirliti og framkvæmd kerfisins fyrir almennu heimildina, sem og afnotaréttar og þeirra sérstöku skyldna, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., sem kunna að fela í sér kostnað vegna alþjóðlegrar samvinnu, samhæfingar og stöðlunar, markaðsgreiningar, eftirlits með því að skyldur séu uppfylltar og annað markaðseftirlit, sem og vinnu við reglusetningu sem felur í sér undirbúning og framkvæmd afleiddrar löggjafar og stjórnsluákvarðana, svo sem ákvarðana varðandi aðgang og samtengingu; og*

*b) lögð á einstök fyrirtæki á hlutlægan, gagnsæjan og hlutfallsbundinn hátt þannig að umsýslukostnaður og gjöld, sem honum fylgja, verða í lágmarki.*

*2. Ef innlent stjórnvald leggur á umsýslugjöld skal það birta árlegt yfirlit yfir umsýslukostnað sinn og heildarupphæð þeirra gjalda sem innheimt eru. Gera skal viðeigandi leiðréttingar í ljósi mismunarins á heildarupphæð gjaldanna og umsýslukostnaðarins.“*

Af þessu ákvæði leiðir að einungis er unnt að leggja skatta og gjöld á fjarskiptafyrirtæki ef umsýslukostnaðurinn sem gjöldunum er ætlað að dekkja er tilkominn vegna stjórnunar, eftirlits og framkvæmdar leyfisveitingakerfis á grundvelli almennrar heimildar eða vegna þeirra sérstöku skyldna sem vísað er til í 2. mgr. 6. gr. heimildartilskipunarinnar. Þar er um að ræða kvaðir sem leggja má á fjarskiptafyrirtæki á grundvelli nánar tiltekinna ákvæða í sk. aðgangstilskipun (2002/19/EC) eða alþjónustutilskipun (2002/22/EC).

*Samkvæmt þessu fara áform stjórnvalda um að rekstrargjaldið standi straum af kostnaði við sk. CERT-ÍS hóp gegn 12. gr. heimildartilskipunarinnar, enda liggur fyrir að tilgangur og starfsemi og CERT-ÍS hópsins er allt annar og víðtækari en heimilt er að fjármagna á grundvelli 12. gr.*

Athygli ráðuneytisins er jafnframt vakin á því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins rekur nú tvö sammingsbrotamál fyrir dómstól Evrópusambandsins og hefur nýverið gefið út sk. rökstutt álit í þriðja málinu. Dómsmálin eru gegn Spáni og Frakklandi og rökstudda álitinu varðar löggjöf í Ungverjalandi. Sammerkt er með öllum þessum málum, að leiddur hefur verið í lög veltuskattur á fjarskiptafyrirtæki í öðrum tilgangi en fyrrnefnd 12. gr. heimilar (sjá nánar meðfylgjandi yfirlit frá Cullen International, dags. 15. mars 2011).

Með hliðsjón af ofansögðu telja Skipti að til álita komi að senda formlega kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), gangi eftir áform um hækkun rekstrarargjalds til að standa straum af kostnaði CERT-ÍS hópsins. Jafnframt telja Skipti að til álita komi að kvarta til ESA vegna ætlaðra brota Póst- og fjarskiptastofnunar á 2. mgr. 12. gr. heimildartilskipunarinnar. Þannig hefur stofnunin í trássi við 2. mgr. 12. gr. að því er virðist ekki birt árlegt yfirlit yfir umsýslukostnað sinn í tengslum við þá eftirlitsþætti sem vísað er til í 1. mgr. 12. gr. Að síðustu verður ekki hjá því

komist að benda á, að skv. lokamálslið 2. mgr. 12. gr. skal gera viðeigandi leiðréttingar í ljósi mismunar á heildarupphæð gjaldanna og umsýslukostnaðarins. Þrátt fyrir um 39 m.kr. rekstarafgang á rekstri PFS árið 2009 hafa engar viðeigandi leiðréttingar verið gerðar til lækkunar á þeim gjöldum sem lögð eru á fjarskiptafyrirtæki.

Virðingarfyllst,

f.h. Skipta hf. og dótturfélaga



Páll Ásgrímsson, hdl.


Meðfylgjandi:

Yfirlit frá Cullen International um sammingsbrotamál fyrir dómstóli Evrópusambandsins

# EU Telecom Flash Message 19/2011

March 15, 2011

Valérie Willems



## Telecoms taxes challenged before the EU Court of Justice

### France and Spain

The European Commission has brought France and Spain to the EU Court of Justice for having continued to impose a tax on the turnover of telecoms operators, despite the fact that the tax is, in its view, contrary to EU rules.

This decision to refer France and Spain to the EU Court of Justice (and to open an infringement procedure against Hungary – see below) was taken on March 14, 2011.

#### The context

The two taxes imposed on telecoms operators were set up by France and Spain in 2009 as one of the ways to compensate the removal of advertising on public service television. They also decided to levy new taxes on the revenues of commercial broadcasters and to increase the licence fee (France only), as the following table shows.

	Telecoms tax	Revenues expected from telecoms taxes	Other measures
France	Tax of 0.9% on the revenues (received from subscribers) of telecommunications operators exceeding €5m	€400m/year	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tax of 3% on the revenues of commercial broadcasters exceeding €11m</li><li>• Increase of licence fee</li></ul>
Spain	Tax of 0.9% on the gross revenues of telecommunications operators that develop activities at national level or in at least two autonomous communities	€230m/year	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tax of 3% on the revenues of free-to-air commercial broadcasters that develop activities at national level or in at least two autonomous communities</li><li>• Tax of 1.5% on the revenues of pay TV broadcasters (for 2010 and 2011; this is expected to generate €100m)</li></ul>

Table 1 – Measures taken following the removal of advertising on public TV

In September 2010 the Commission announced that it considers the taxes imposed on telecoms operators as incompatible with EU electronic communications rules and in particular with article 12 of the Authorisation Directive which foresees that charges can be levied on telecommunications operators only to cover certain administrative and regulatory costs (i.e. costs linked to authorisations or regulatory functions). Charges must be objective, transparent and proportionate and interested parties must be consulted in an appropriate manner of any amendments brought to them (see EU Media Flash 60/2010 and EU Telecom Flash 91/2010).

French operators have been paying the tax in monthly instalments since it was introduced. Spanish operators made their first payments in October 2010.

### Hungary

The Commission has also announced that it has opened an infringement procedure against Hungary for having introduced last October a telecoms tax.

The Hungarian tax differs from the French and Spanish taxes as it pursues a different objective (boosting the country's tax revenues) and has a broader scope. It is imposed on telecoms operators but also on operators in the retail commerce and energy sectors. The amount of the telecoms tax ranges between 0% and 6.5% of the gross revenues and is expected to generate around €220 million/year. It was paid for the first time in December 2010.

In its press release, the Commission states that it has concerns that the telecoms tax covers costs other than telecoms related administrative and regulatory costs. If this is the case, the Commission argues that the tax is contrary to Article 12 of the Authorisation Directive. The tax applying to retail commerce and energy companies is still under examination.

Hungary has two months to reply to the Commission. This is the first step in an infringement procedure under article 226 of the Treaty on the Functioning of the European Union. If no reply or an unconvincing reply is received, the Commission can adopt a reasoned opinion. If the situation remains unchanged, it can then refer the case to the EU Court of Justice as it has just done for France and Spain.

For an overview of telecoms taxes in Western European countries, see Table 27 in the WE Telecom Cross-Country Analysis.

Contact the author:

Valérie Willems

[valerie.willems@cullen-international.com](mailto:valerie.willems@cullen-international.com)

+32 81 25 74 85